

Uppskrift að dömubindi



Byrjaðu með löngum þræði, um það bil 150 cm. Fitjaðu upp 4 lykkjur. Lyftu fyrstu lykkjunni óprjónaðri í hverri umferð og taktu út eina nýja lykkju. Prjónaðu að lokum umferðar.



Heklaðu 6 cm loftlykkjukeðju. Festu endana saman þannig að myndist lykkja. Heklaðu fasta lykkjur utan um keðjuna. Festu endann vandlega og klipptu frá bandið.



Prjónaðu þar til þríhyrningurinn er um það bil 9 cm á breidd. Bindið verður þá um það bil 7 cm á breidd.



Prjónaðu stroff, prjónaðu eina slétta og eina brugðna.



Endurtaktu þar til stroffið
mælist 16 cm.



Settu lykkjurnar á afgangspráð.
Taktu upp jafnmargar lykkjur á
hinni hlið sléttprjónaða
þríhyrningsins.



Prjónaðu stroff í 16 cm eins og
lýst er hér að ofan.



Nú ertu með jafnmargar lykkjur
á prjóninum og á
afgangspræðinum.



Taktu upp eina lykkju af afgangspræðinum og eina lykkju af prjóninum til skiptis. Þá verður lykkjufjöldinn tvöfalt meiri á prjóninum. Prjónaðu síðan eina lykkju úr hvorum stroffhluta saman. Þá verður lykkjufjöldinn á prjóninum aftur sá sami og í stroffinu.



Haltu áfram með garðapryón til að mynda sams konar þríhyrning á hinum enda bindisins: Lyftu fyrstu lykkjunni óprjónaðri, prjónaðu tvær lykkjur saman og prjónaðu síðan að lokum umferðar. Snúðu verkinu. Endurtaktu þetta þar til 4 lykkjur eru eftir. Felldu af. Heklaðu lykkju eins og á hinum enda bindisins.



Nú er bindið tilbúið.



Dragðu band eða teygju, sem notuð er sem belti, um mittið. Bindið er nú tilbúið til notkunar.

